

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1224/2013

2014/EES/12/31

frá 29. nóvember 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 800/2008 að því er varðar gildistíma hennar (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 4. mgr. 108. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/98 frá 7. maí 1998 um beitingu 92. og 93. gr. stofnsáttmála Evrópu-bandalagsins gagnvart tilteknum flokkum þverlægrar ríkisaðstoðar <sup>(1)</sup>,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 <sup>(2)</sup> fellur úr gildi 31. desember 2013.
- 2) Með orðsendingu um nútímavæðingu ríkisaðstoðar í ESB <sup>(3)</sup> frá 8. maí 2012 ýtti framkvæmdastjórnin úr vör umfangsmikilli endurskoðun á reglum um ríkisaðstoð. Í tengslum við þessa endurskoðun hefur reglugerð (EB) nr. 994/98 þegar verið breytt með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 733/2013 <sup>(4)</sup>. Enn stendur yfir endurskoðun á ýmsum öðrum gerningum um ríkisaðstoð, s.s. á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar, umhverfisaðstoðar, áhættufjármagns og björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja í erfiðleikum. Ekki verður mögulegt að ljúka breytingum á þessum gerningum áður en reglugerð (EB) nr. 800/2008 fellur úr gildi. Til að tryggja samræmda nálgun á alla gerninga um ríkisaðstoð þykir þess vegna rétt að framlengja gildistíma reglugerðar (EB) nr. 800/2008 til 30. júní 2014.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 320, 30.11.2013, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 142, 14.5.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans (Stjtið. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 3).

<sup>(3)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar um nútímavæðingu ríkisaðstoðar ESB, COM (2012) 209, lokaútgáfa frá 8.5.2012.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 11.

3) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 800/2008 til samræmis við það.

4) Í ljósi framlengingar á gildistíma reglugerðar (EB) nr. 800/2008 kunna einhver aðildarríki að óska eftir að framlengja ráðstafanir, sem send hefur verið samantekt upplýsinga um í samræmi við 9. gr. þeirrar reglugerðar. Til að draga úr stjórnsýsluálagi þykir rétt að telja að framkvæmdastjórninni hafi verið send samantekt upplýsinga varðandi framlengingu þessara ráðstafana, að því tilskildu að engar efnislegar breytingar séu gerðar á viðkomandi ráðstöfunum.

5) Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* svo unnt sé að framlengja gildistíma reglugerðar (EB) nr. 800/2008 áður en hún fellur úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað annarrar málsgreinar 45. gr. reglugerðar (EB) nr. 800/2008 komi eftirfarandi:

„Hún gildir til 30. júní 2014.“

*2. gr.*

Ef aðildarríki óskar eftir, í kjölfar breytinga á reglugerð (EB) nr. 800/2008, að framlengja ráðstafanir sem það sendi framkvæmdastjórninni samantekt upplýsinga um í samræmi við 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 800/2008, skal telja að framkvæmdastjórninni hafi verið send samantekt upplýsinga um framlengingu þessara ráðstafana, að því tilskildu að engar efnislegar breytingar séu gerðar á viðkomandi ráðstöfunum.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---